

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/782****2025/EES/73/15****frá 23. apríl 2025****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar ákvörðun á karbónötum í fóðri (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 34. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ⁽²⁾ er mælt fyrir um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/771 ⁽³⁾ var greiningaraðferð til að ákvarða karbónöt í fóðri felld brott. Magnákvörðun á karbónötum í leyfða fóðuraufefninu lantankarbónatokatshýdrati útheimtir þó notkun á brottfelldu greiningaraðferðinni.
- 3) Enn fremur er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 ⁽⁴⁾ kveðið á um lögboðnar upplýsingar varðandi kalsíumkarbónat fyrir tiltekin fóðurefni. Það er nauðsynlegt að nota brottfelldu greiningaraðferðina til að ákvarða magn kalsíumkarbónats í þessum fóðurefnum.
- 4) Því er rétt að taka aftur upp greiningaraðferðina til að ákvarða karbónöt í fóðri.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/782, 24.4.2025. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2017/625/oj>.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtið. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2009/152/oj>).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/771 frá 29. febrúar 2024 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtið. ESB L, 2024/771, 15.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/771/oj).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni (Stjtið. ESB L 29, 30.1.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/68/oj>).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009 er eftirfarandi hluta bætt við á eftir hlutanum „O. ÁKVÖRÐUN Á KLÓRI ÚR KLÓRÍÐUM“:

„P. ÁKVÖRÐUN Á KARBÓNÖTUM

1. Tilgangur og gildissvið

Með þessari aðferð er unnt að ákvarða innihald karbónata, venjulega gefið upp sem kalsíumkarbónat, í fóðri, að undanskildu fóðri þar sem járnkarbónat er til staðar.

2. Meginregla

Karbónötunum er sundrað í saltsýru; koltvísýringnum, sem losnar, er safnað í kvarðað rör og rúmmál þess borið saman við það rúmmál sem losnar við sömu skilyrði með þekktu magni af kalsíumkarbónati.

3. Prófefni

3.1. Saltsýra, eðlisþyngd 1,10 g/ml.

3.2. Óblandað kalsíumkarbónat

3.3. Brennisteinssýra, u.þ.b. 0,05 mól/lítra, lituð með metýlráuðu.

4. Búnaður

Scheibler-Dietrich-búnaður (sjá skýringarmynd í viðbætinum) eða jafngildur búnaður (kalsíummælir).

5. Aðferð

Vega skal sýni í magni sem ræðst af karbónatinnihaldi þess eins og lýst er hér á eftir:

- a) 0,5 g fyrir afurðir, sem innihalda 50–100% af karbónötum, gefið upp sem kalsíumkarbónat,
- b) 1 g fyrir afurðir, sem innihalda 40–50% af karbónötum, gefið upp sem kalsíumkarbónat,
- c) 2 til 3 g fyrir aðrar afurðir.

Saltsýru (liður 3.1 hér að framan) er bætt við sýnið til að sundra karbónötum sem eru til staðar. Rúmmál koltvísýrings er mælt með því að nota Scheibler-Dietrich-búnað eða jafngildan búnað (kalsíummæli) og borið saman við rúmmál koltvísýrings sem er framleitt með 0,5 g af óblönduðu kalsíumkarbónati (liður 3.2 hér að framan).

Allar ákvarðanir skulu gerðar við sömu skilyrði til að komast hjá því að leiðrétta fyrir mismun á hitastigi og þrýstingi. Ákvörðunin skal helst gerð í hitastýrðu rými.

Aðferðinni þar sem Scheibler-Dietrich-búnaðurinn er notaður er lýst í smáatriðum í viðbætinum.

6. Útreikningur

Innihald karbónata, gefið upp sem óblandað kalsíumkarbónat, er reiknað út með því að nota formúluna:

$$X = \frac{V \times 100}{V_1 \times 2m}$$

þar sem:

X = % karbónata (massahlutfall) í sýninu, gefið upp sem kalsíumkarbónat

V = ml af CO₂ sem losna úr sýninu

V₁ = ml af CO₂ sem losna úr 0,5 g af CaCO₃

m = þyngd sýnisins í grömmum.

7. Athugasemdir

- 7.1. Ef Scheibler-Dietrich-búnaður er notaður og sýnið vegur meira en 2 g eru fyrst settir 15 ml af eimuðu vatni í flöskuna (nr. 4 á skýringarmyndinni í viðbætinum hér á eftir) og blandað áður en prófunin er hafin með því að bæta við saltsýru (liður 3.1 hér að framan). Sama magn af eimuðu vatni er notað í samanburðarprófuninni.
- 7.2. Ef rúmmál þess búnaðar, sem er notaður, er annað en rúmmál Scheibler-Dietrich-búnaðarins skal gera samsvarandi breytingar á því sýni, sem var notað, og samanburðarefninu, svo og á útreikningum.

Viðbætur


Nákvæmar verklagsreglur við notkun Scheibler-Dietrich-búnaðar

Sýnið er sett í sérstaka flösku búnaðarins (nr. 4 á skýringarmyndinni), sem við er fest lítið rör úr óbrjótanlegu efni sem inniheldur 10 ml af saltsýru (liður 3.1 hér að framan), og flaskan er tengd við búnaðinn. Þríátta krananum (nr. 5 á skýringarmyndinni) er snúið þannig að kvarðaða rörið (nr. 1 á skýringarmyndinni) opnast út. Með því að nota hreyfanlega rörið (nr. 2 á skýringarmyndinni), sem fyllt er litaðri brennisteinssýru (liður 3.3 hér að framan) og tengt kvarðaða rörinu (nr. 1 á skýringarmyndinni) er vökvaborðið hækkað að núllmarkinu. Þríátta krananum (nr. 5 á skýringarmyndinni) er snúið til að tengja rör (nr. 1 og 3 á skýringarmyndinni) og ganga skal úr skugga um að vökvaborðið sé við núllið.

Saltsýran (liður 3.1 hér að framan) er látin fljóta varlega yfir sýnið og sérstöku flöskunni (nr. 4 á skýringarmyndinni) er hallað. Þrýstingur er jafnaður með því að lækka hreyfanlega rörið (nr. 2 á skýringarmyndinni). Sérstaka flaskan (nr. 4 á skýringarmyndinni) er hrist uns koltvísýringur losnar ekki meir.

Þrýstingi er aftur náð með því að færa yfirborð vökvans til fyrra horfs í rörunum (nr. 1 og 2 á skýringarmyndinni). Lesið er af að fáeinum mínútum liðnum, þegar rúmmál gassins er stöðugt.

Framkvæmt er samanburðarpróf á 0,5 g af kalsíumkarbónati (liður 3.2 hér að framan) við sömu skilyrði.

SCHEIBLER-DIETRICH-BÚNAÐUR TIL AÐ ÁKVARÐA KOLTVÍSÝRING (CO_2)

(mælt í mm)“.